



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Skrifstofa útilífsborgar

Reykjavík, 12. nóvember 2025

MIR25100010

TILLAGA

Tillaga um stofnun starfshóps sem greinir tækifæri til uppbyggingar útivistarsvæðis á Austurheiðum og við vötnin þrjú Langavatn, Reynis- og Rauðavatn.

Meirihluti Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja til að stofnaður verði starfshópur með fulltrúum útilífsborgarinnar hjá MÍR og fulltrúum frá skipulaginu og deildum náttúru og gæða og opinna svæða hjá USK sem greinir tækifæri til að byggja upp fjölbreytt tækifæri til útivistar í Austurheiðum og Rauðavatn til skemmri og lengri tíma og til að koma ennfrekar til móts við fólk til að njóta útivistar og hreyfingar í anda lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.

Markmið:

Markmið vinnu starfshópsins er að kortleggja tækifærin í svæðinu til uppbyggingar fyrir fjölbreytta útivist, koma með tillögur og forgangsraða út frá fjárhags- og faglegum sjónarmiðum til lengri og skemmri tíma. Brýnt er að tillögurnar fangi sem flestar tegundir útiveru í sem mestri sátt en mikilvægt er finna lausnir sem henta ólíkum hópum án þess að öryggi vegfarenda sé í hættu.

Helstu verkefni eru:

Greina þarfir útivistarhópa sem sækja svæðin, þar á meðal:

- Göngufólk og hlaupafólk
- Hjólréiðafólk
- Hundaeigendur og hestafólk
- Skíðafólk og skautaiðkendur

Meta nauðsynlegar framkvæmdir og innviði og greina tækifæri m.a. vegna:

- Göngu- og hjólastíga og teninga við stofnstíga borgarinnar
- Merkinga á svæðinu og bílastæða
- Áframhaldandi skógræktar og uppgræðslu og tengingu við Græna trefilinn
- Veitingaaðstöðu og þjónustu
- Áningastaða og salernisaðstöðu
- Útleiga á búnaði og tækjum til útivistar
- Önnur þjónusta / starfsemi

Kanna möguleika á samstarfi/ tækifærum við hagaðila, svo sem:

- Íþróttafélög og útivistarsamtök
- Ferðaþjónustuaðila og rekstraraðila



Reykjavík



Tryggja tengingu við stefnur borgarinnar, sérstaklega:

- Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- Íþróttastefnu til ársins 2030
- Hjólreiðaáætlun til ársins 2030

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Hópurinn skili af sér eigi síðar en í lok febrúar 2026



Reykjavík